


Starfsemistölur fyrir janúar - október 2024


Færri ferðamenn sem koma á SAK

Fjöldi dvalardaga á tímabilinu janúar til október voru **21.768** sem er um **14%** fækkun frá því í fyrra en að sama skapi er fækkun sjúklinga sem þurfa að leggjast inn um **11%**. Meðalfjöldi dvalardaga allra deilda eru **4,4** dagar þannig að sjúklingar liggja mun styttra inni en áður.


Meðaldvöl á deildum, þróun




- Flestir sjúklinganna eru lagðir inn í bráðainnlögn en þær eru um **76,5%** af heildarinnlögnum.
- Að meðaltali eru um **10** sjúklingar innliggjandi á hverjum tíma sem eru með gilt færni- og heilsumat eða slíkt í vinnslu.
- Ef horft er til rúmanýtingar deilda þá er lyflækningadeild með **85%** nýting yfir árið á lyflækninga- og skurðlækningadeild.



- Rúmlega **9.400** einstaklingar hafa fengið þjónustu á göngudeild og þar af **1.934** vegna krabbameinslyfjagjafar, samanborið við **1.876** á sama tíma í fyrra og er stöðug aukning í þeirri þjónustu.
- Á bráðamóttöku og göngudeild bráðamóttöku er fjöldi samskipta sambærilegur og í fyrra eða **14.910** samanborið við **15.116** á sama tíma í fyrra (sjá graf um komur á bráðamóttöku janúar til október ár hvert). Biðtími eftir því að hitta lækni á bráðamóttöku er nú um **45** mínútur en viðmið okkar eru um **40** mínútna bið eftir lækni.



- Fjöldi skurðaðgerða janúar til október voru **1.995** sem er aðeins minna en í fyrra þegar **2186** aðgerðir voru gerðar yfir sama tímabil - fjöldinn segir ekki allt þar sem eðli og lengd aðgerða hefur mikið að segja. Rúmlega **33%** aðgerða voru bráðaaðgerðir og voru gerviliðaaðgerðir **258** á móti **273** gerviliðaaðgerðum í fyrra.
- Fjöldi myndgreiningarannsókna (án brjóstamynda) var rúmlega **34.000** og gerir það að meðaltali um **112** rannsóknir á dag sem er sambærilegt og verið hefur.
- Rannsóknir á rannsóknadeild hafa dregist aðeins saman undanfarin ár (sjá súlurit) en fjöldi rannsókna á lífeðlisfræðideild er sambærilegur og verið hefur undanfarin ár eða um **6.500** lífeðlisfræðiverk.



- Í ár hafa fæðst **327** börn samanborið við **350** börn á sama tíma í fyrra.
- Töluverð fækkun er í komum og innlögnum ósjúkratryggðra miðað við sama tímabil í fyrra. Bráðamóttakan hefur sinnt **650** ósjúkratryggðum einstaklingum og **100** hafa verið á legudeildum SAK en í fyrra höfðu verið lagðir inn **117** einstaklingar og um **730** einstaklingar leitað á bráðamóttökuna. Um er að ræða **12%** fækkun í komum á bráðamóttöku.